



Áveitan

9. tbl. 13. árgangur. September 2019

Flóamótið

6. september

Ungmennafélagið Þjótandi býður öllum krökkum í Flóaskóla til keppni á Flóamótinu sem fer fram föstudaginn 6. september. Keppni hefst kl 14:00 og líkur um kl 16:00. Flokkaskipting og keppnisgreinar eru eftirfarandi:

- 1.-3. bekkur 60m hlaup, langstökk, skutlukast og 400m hlaup.
- 4.-6. bekkur 60m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400m hlaup
- 7.-10. bekkur 60m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400m hlaup

Skráning á mótið fer fram á staðnum jafn óðum fyrir hverja keppnisgrein. Börn eru á ábyrgð foreldra á meðan mótinu stendur svo mælst er til þess að börn í 1.-4. bekk séu í fylgd með forráðamanni. Að móti loknu fá allir keppendur viðurkenningu og í boði verða grillaðar pylsur handa öllum. Ef veðurspá er slæm er aflýsa þarf mótinu verður það auglýst í tölvupósti til foreldra og á facebooksíðu Umf. Þjótanda.

Líkt og undanfarin ár munum við þurfa að leita til foreldra um aðstoð við framkvæmd mótsins. Þeir foreldrar sem geta aðstoðað eru beðnir um að gefa sig fram á keppnisstað. Mótið hefur gengið vel síðustu ár og er það ekki síst að þakka öflugum foreldrum sem eru tilbúnir til að hjálpa.

Sjáumst hress á föstudaginn!

Stjórn Umf. Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisevao@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Sólríkt sumar að baki og haustið fallett fram til þessa. Í sveitinni fylgja haustinu árstíðabundin verkefni, s.s. uppskera, og smalamennskur ásamt því að starfsemi skóla og leikskóla hefst.

Utanhúss vinnu við Flóaljós er lokið og unnið að frágangi gagna og skýrsluskilum vegna verkefnisins. Notendur hafa samið við fjarskiptafyrirtæki og gagnaflutningur kominn í gang á ljósleiðaranum. Eftirlitsmaður Flóaljóss hefur skilað athugasemdum varðandi frágang á vettvangi og verktaki mun lagfæra samkvæmt þeim.

Nefndir Flóahrepps hafa hafið störf að loknu sumarleyfi og eru fundargerðir þeirra kynntar ásamt fundargögnum sveitarstjórnarfunda á heimasíðu að lokinni afgreiðslu þeirra.

Vinnuskólinn lauk stöfum með lokahátíð 25. júlí. Flestir voru starfsmenn hans 30 en fjöldi þeirra sem starfaði hjá okkur var mjög mismundandi eftir vikum.

Flokkstjórum og öllum starfsmönnum vinnuskólans eru færðar kærar þakkir fyrir góð störf og mikilvægt framlag til februnar á umhverfinu í Flóahreppi.

Mikil vinna var lögð í að undirbúa húsnæði bæði Flóaskóla og

Krakkaborgar sem allra best fyrir skólaárið 2019 – 2020 og tókst það með ágætum. Bestu þakkir fyrir það starfsmenn og aðrir sem að því komu.

Nú stendur yfir vinna við utanhússmálningu í Félagslundi og stefnt að verklokum í þessari viku. Vinna við gerð fjárhagsáætlunar er framundan á næstu vikum og áherslur verða lagðar hvað varðar endurbætur.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Sá ég spóa suð' r í Flóa lokið

Útivistarverkefni Umf. Þjótanda lauk 30. ágúst síðastliðinn.

169 manns tóku þátt að þessu sinni og skrifuðu samtals 426 sinnum í gestabækurnar á stöðunum sex.

Vinsælasti áfangastaðurinn voru Fljótshólar en það var skrifað 103 sinnum í gestabókina þar. Það voru 36 einstaklingar sem skrifuðu sig í fimm eða fleiri gestabækur og þeir fóru allir í pott og áttu möguleika á því að vinna veglegan vinning frá Kayakferðum á Stokkseyri.

Búið er að draga út sigurvegara og það er Kristinn Matthías Símonarson í Kolsholti sem var dreginn út. Hann fór á alla staðina með fjölskyldu sinni. Við óskum Kristni hjartanlega til hamingju með vinninginn en honum verður komið til hans sem fyrst.

Að endingu viljum við þakka öllum landeigendum fyrir að opna landareignir sínar fyrir sveitungum sínum og gera okkur kleift að sjá ný sjónarhorn í Flóahreppi. Það er okkar von að allir þátttakendur í verkefninu hafi átt góðar samverustundir úti í náttúrunni í sumar.

Umf. Þjótandi



Úrslit af íþróttamótum

Þjótandi átti fimm keppendur í frjálsum á 22. Unglingalandsmóti UMFÍ sem fór fram um verslunarmannahelgina í Höfn í Hornafirði. Þessir keppendur stóðu sig mjög vel og litu nokkrar bætingar dagsins ljós.

Helgi Reynisson	'08	60m hlaup	10,98 sek	9. sæti
		Hástökk	1,14m	6. sæti
		Langstökk	3,44m	8. sæti
		Þristökk	8,14m	3. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Langstökk	4,73m	5. sæti
		Kúluv.(6kg)	8,97m	2. sæti
Sigurjón Reynisson	'05	100m hlaup	14,77 sek	8. sæti
		80m gr.(84cm)	16,30 sek	5. sæti
		Hástökk	1,27m	6. sæti
		Langstökk	4,17m	5. sæti
		Þristökk	9,06m	4. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	100m hlaup	13,70 sek	15. sæti
		Langstökk	4,56m	11. sæti
		Kúluv.(5kg)	8,45m	7. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,83m	2. sæti
		Langstökk	5,49m	4. sæti

Sigurjón Reynisson keppti í 1500m hlaupi í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri. Hann hjóp á tímanum 5:28,62 mín og varð í 4. sæti á persónulegri bætingu.

Héraðsmót fullorðinna HSK fór fram á Selfossi dagana 12. og 13. ágúst. Þjótandi átti þar tvo keppendur sem stóðu sig báðir frábærlega og endaði Þjótandi í fjórða sæti í heildarstigakeppninni.

Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Kúluv.(7,26kg)	8,59m	5. sæti
		Kringluk.(2kg)	23,98m	5. sæti
		Sleggjuk.(7,26kg)	18,00m	3. sæti
		Spjót.(800gr)	26,34m	4. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	Hástökk	1,58m	1. sæti
		Stangarstökk	2,50m	3. sæti
		Langstökk	5,89m	3. Sæti

Guðrún Ásta Ægisdóttir keppti fyrir hönd Þjótanda á Æfingamóti í Kringlu sem fór fram á Selfossvelli þann 21. ágúst. Hún varpaði kringlunni 15,29m sem er persónuleg bæting og endaði í 4. sæti

Selfossmót nr. 3 fór fram þann 23. ágúst á Selfossi. Þar átti Þjótandi tvo keppendur sem stóðu sig mjög vel.

Elías Örn Jónsson	'03	Kúluv.(5kg) 8,84m	2. Sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	Kúluv.(6kg) 8,95m	1. Sæti

Brynjar Jón Brynjarsson keppti í kringlukasti á Selfossmót nr. 4 sem fór fram 27. ágúst. Hann kastaði 24,88m og endaði í 1. sæti

Brynjar keppti einnig í kringlukasti á Selfossmóti nr. 4 sem fór fram 29. ágúst. Hann kastaði 26,12m sem er nálægt hans persónulegu meti. Með þessu kasti endaði hann í 1. sæti

Þjótandaæfingar veturinn 2019-2020

Verið er að vinna að því að skipuleggja Þjótandaæfingar vetrarins. Búið er að tímasetja almennar íþróttæfingar fyrir 2.-3. bekk en þær verða á föstudögum kl 12:30-13:30. Þessar æfingar eru á skólatíma og því þarf að skrá börnin sérstaklega á þessar æfingar. Skráningareiðublöð hafa verið send til foreldra í gegnum Flóaskóla. Þjálfari verður Þröstur Hrafnsson.

Einnig verða í boði æfingar fyrir annarsvegar 4.-6. bekk og 7.-10. bekk hinsvegar. Ekki eru enn komnar staðfestar tímasetningar á þessar æfingar en það verður auglýst síðar á facebook og í tölvupósti til foreldra.

Glímuæfingar munu fara af stað í lok september eða byrjun október. Þjálfari verður sem fyrr Stefán Geirsson og verða æfingartímar auglýstir síðar.

Messur í Villingaholti og Hraungerði 2019-2020

13. október 17. sunnudagur eftir þrenningarhátíð:

Messa í Villingaholti kl. 13:30

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

10. nóvember 21. sunnudagur eftir þrenningarhátíð:

Messa í Hraungerði kl. 13:30

Prestur: Ninna Sif Svavarsdóttir

8. desember 2. sunnudagur aðventu:

Aðventustund í Villingaholtskirkju kl. 20:00

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

25. desember jóladagur:

Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 11:00

Prestur: Ninna Sif Svavarsdóttir

26. desember annar dagur jóla

Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju kl. 11:00

Helgistund á Fossheimum kl. 13:00

Prestur: Axel Árnason Njarðvík

2. febrúar síðasti sunnudagur eftir þrettánda / Kyndilmessa:

Messa í Hraungerði kl. 13:30

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

8. mars. 2. sunnudagur í föstu:

Messa í Villingaholti kl. 13:30

Prestur: Guðbjörg Arnardóttir

12. apríl - páskadagur:

Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11:00

Prestur: Ninna Sif Svavarsdóttir

13. apríl – annar páskadagur:

Hátíðarmessa í Villingaholti kl. 11:00
Prestur: Ninna Sif Svaarsdóttir

31. maí – Hvítasunnudagur

Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30

1. júní – 2. hvítasunnudagur:

Fermingarmessa í Villingaholti kl. 13:30

Frá Villingaholtskirkju

Eins og glöggir íbúar hafa tekið eftir þá er ekki búið að mála kirkjuna enn. Það skýrist af því að s.l. sumar þá vorum við með verktaka sem áttu að endurnýja og laga turninn áður en málað yrði. Það tókst nú ekki og þessir ágætu verktakar gufuðu bara upp og hefur ekkert til þeirra spurst síðan.

Þá erum við svo lánsöm að hér í sveit búa smiðir góðir sem góðfúslega tóku við hálfkláruðu verkinu og luku því. Hafið kærar þakkir.

Þegar þeir höfðu lokið við sitt verk komu málarar og máluðu kirkjuturninn, en höfðu því miður ekki tíma til að mála þak og veggir kirkjunnar á þessu ári, en hafa lofað að við verðum í forgangi næsta vor/ sumar.

Sem betur fer erum við í góðu sambandi við Minjastofnun og þau leyfa okkar að geyma styrkloforðið vegna framvkvæmdanna til næsta árs vegna þessa ófyrirsjánalega dráttar á verkinu.

Nú fer vetrarstarf kirkjunnar að fara af stað og hlökkum við til að sjá ykkur í kirkjunni í vetur.

kær kveðja
Sólveig Þórðard
form sóknarnefndar

Frá skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps

Námskeið í september

Skemmtinefnd Kvenfélags Hraungerðishrepps stendur fyrir núvitundar námskeiði þar sem gefin eru 12 góð ráð til að sporna við matarsóun.

Kennari og gestgjafi verður Auður I. Ottesen garðyrkjufræðingur.

Námskeiðið verður með krydduðu ívafi og verður haldið

miðvikudaginn 25. september kl 18-21 að Fossheiði 1. Selfossi. Þar verður farið inná hvernig á að fylla frystinn og bjarga matarafgöngum.

Hvernig nýta má ávexti, krydd og grænmeti á síðasta söludegi á farsælan hátt. Kynning verður á kryddtegundum og fræðst um nýtingu þeirra. Kennt að útbúa kryddolíur, kryddteninga til frystingar og gefin nokkur góð ráð við notkun krydds í matseld.

Á námskeiðinu verður auk þess boðið uppá kryddsmakk með ostum, köldum svaladrykk úr berjum og jurtum úr Fossheiðargarðinum. Að gjöf fá þær sem sitja námskeiðið kynningareintak af tímaritinu Sumarhúsið og garðurinn.

Gjaldið á félagskonu er kr. 5.000 og þurfa pantanir að berast í síðasta lagi viku fyrir viðburðinn eða 18. september í síma 846-1525 (Valdís) eða á netfangið guggabondi@gmail.com (Guðbjörg)

Sumarbústaðarferð í nóvember

Hin sívinsæla og dulúðlega berjaferð Kvenfélags Hraungerðishrepps verður farin helgina 22-24. nóvember nk.

Dvalið verður í Úthlíð í Biskupstungum og eru tvær „bungur“ lagðar þar undir, líkt og í fyrra.

Félagskonur eru vinsamlegast beðnar að skrá sig sem allra fyrst, en í síðasta lagi 2. nóvember í síma 846-1525 (Valdís) eða á netfangið guggabondi@gmail.com (Guðbjörg)

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Fyrsta *Gaman saman* vetrarins verður mánudaginn 9. september kl. 20:00. Gunnlaug í Hróarsholti býður okkur til sín. Mætum með góða skapið og skemmtisögur eftir gott sumarfrí :)

Haustfundurinn okkar verður haldinn í október, nánar um það í næstu Áveitu.

Formaður

Skeiðaréttir 14. september n.k.

Réttað verður í Reykjaréttum á Skeiðum laugardaginn 14. september kl 9:00. Fólk er hvatt til að láta sjá sig á því mikla mannamóti.

Almenningur er þó beðinn að leggja bílum sínum fjarri réttunum svo fjáreigendur eigi auðvelt með að koma flutningstækjum að og frá. Eftirsafni hefur verið breytt á þann veg að nú verða smaladagarnir hafðir yfir helgi, eða dagana 27. –29. september. Seinni réttir verða mánudaginn 30. september, en nánari tímasetning hefur ekki verið endanlega ákveðin.

Stjórn afréttamálafélagsins.

Ferð eldri borgara í Flóahreppi

Að venju standa kvenfélögin í Flóahreppi fyrir ferð eldri borgara sem farin verður þriðjudaginn 17. september næstkomandi.

Farið verður í uppsveitirnar og skoðaðir valdir staðir.

Farið verður með rútu frá Félagslundi kl. 13:00, Þjósárveri kl. 13:15 og Þingborg kl.13:30.

Nánari upplýsingar og þátttaka tilkynnist í síðasta lagi laugardaginn 14.september til :

Margrétar Gerðum s: 864 1908

Sigríðar Hallanda s: 824 5598

Kristínar Hurðarbaki s: 862 3417

Uppskriftahornið

Ég vil þakka Cathy kærlega fyrir að skora á mig að deila með ykkur uppskrift. Uppskriftin sem ég ætla að deila með ykkur er nokkuð einföld og þægileg og kemur hún upprunalega frá Sigríki Jónssyni á Úlfsstöðum. Ég og fjölskyldan mín höfum mikið haldið upp á hana og ég vil gjarnan deila henni með ykkur. Mælieiningarnar í þessari uppskrift eru ekki alveg heilagar svo fólk getur gert eins og þeim hentar og prófað sig áfram.

Innihald:

700 gr hakk

Lítill dós af tómatmauk (tomate puree)

1 msk Sweet Mango Chutney

2 msk milt Curry paste

2 dl rjómi

Salt og pipar eftir smekk

Hvítlaukskrydd eftir smekk

Karrí eftir smekk

Smá tómatssósa ef vill (má sleppa)

Fyrst er hakkið sett á pönnu og steikt. Síðan er öllu innihaldinu hrært saman við en rjómanum er bætt við seinast eftir þörfum. Svo er þetta látið malla á pönnunni í smá stund þangað til þetta er tilbúið, einfaldara gerist það nú varla!

Gott er að borða soðin hrísgrjón með og eitthvað ferskt eins og grænmeti og ávexti.

Rétt er að taka það fram af fenginni reynslu að ef keypt er karrí í matvöruversluninni Bónus þá er mikilvægt að lesa vel á umbúðirnar áður en varan er tekin í flýti.

Því fyrir þá sem ekki vita kemur kanill frá Bónus í alveg eins umbúðum og karrí og smakkast rétturinn ekki eins vel með kanil ;-)

En að lokum bið ég ykkur vel að njóta og skora á Halldór Bjarnason í Syðri-Gróf/Ríma að galdra eitthvað ljúffengt fram handa okkur.

Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Efstu-Grund/Egilsstaðakot.

Pistillinn

Nú endurvekjum við pistilinn eftir sólríkt sumarleyfi.

Ég held ég megi segja að sumarið í sumar hafi verið það besta verðurfarslega séð sem ég man eftir, en að sama skapi var vorið og sumarið í fyrra það versta. Hvernig næsta sumar verður, verður tíminn að leiða í ljós.

Nú líður senn að fjallferð og réttum, það er tími sem hefur alltaf sinn sjarma og margir hlakka til. Ég fór sjálf til fjalls sex ár í röð frá 17 ára aldri til 22 ára. Eftir það fór ég að eiga börn og tímarnir breyttust. Í ár verða þeir þrír feðgarnir sem fara héðan og ég hlakka til. Ég segi að það sé engin þögn eins góð og þögnin sem ríkir daginn sem kallarnir leggja af stað á fjall. Þetta skilja eiginkonur fjallmanna.

Eftir réttir byrjar sláturtíðin. Allir ættu að taka slátur. Ekki síst barnmargar fjölskyldur. Sláturgerð getur verið skemmtileg þegar margir hjálpast að og það er vel hægt að láta börnin hjálpa til. Svo er slátur góður og hollur matur. Eldamennskan er einföld, suða í 2 klukkutíma, og það er fljótlegt að koma því á diskana, engin bein og krakkarnir geta brytjað það sjálf.

Að lokum vil ég óska ykkur alls hins besta á komandi hausti, og megi veturinn fara um okkur mjúkum höndum. Ég skora á Elísabetu í Syðri-Gróf að skrifa næsta pistil.

Fanney Ólafsdóttir

Eftir-Réttaballið 5. október

Eftir eins árs bið er loksins komið að því aftur! Eftir-Réttaballið verður haldið í Félagslundi laugardagskvöldið 5. október. Húsið opnar kl 22:00 og ballinu líkur kl 02:00 eftir miðnætti.

Stuðinu heldur uppi einn vinsælasti plötusnúður landsins, DJ Atli Kanill, sem kemur alla leið úr hinum blómstrandi bæ Hveragerði. Hann spilar stuðtónlist frá öllum áratugum fyrir allan aldur og lofar jafnvel einum sprellfjörugum hringdans fyrir sveitunga.

Nánari upplýsingar má sjá þegar nær dregur á facebook- síðu félagsins og á facebook viðburði Eftir-Réttaballsins.

Það er ekki seinna vænna að fara að þússa dansskóna og mæta á þetta skemmtilega ball sem sló algerlega í gegn á síðasta ári. Tökum kvöldið snemma og fyllum dansgólfið á mínútunni tíu!

Flóamenn: skyldumæting

Umf. Þjótandi

Dagskrá mánaðarins

Flóamótið	6. september
Gaman saman Kvenfélag Villingaholtshr.	9. september
Skeiðaréttir	14. september
Ferð eldri borgara	17. september
Námskeið Kvenfélag Hraungerðishr.	25. september
Eftir-Réttaballið	5. október



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160